

## 6. Grein

### Skautaping

Skautapingið fer með æðsta vald í málefnum ÍSS. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda ÍSS.

Þingið skal haldið **á hverju ári** í apríl eða maí. Skal boða það bréflega með minnst 1 mánaðar fyrirvara. **Kosning stjórnar ÍSS skal vera til tveggja ára en stjórn er ekki kosin öll í einu. Kosning stjórnar skiptist milli ára svohljóðandi:**

- **Formaður, tveir aðalmenn og einn varamaður**
- **Tveir aðalmenn og 1 varamaður**

Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn ÍSS minnst 3 vikum fyrir þingið.

Þá skal stjórn ÍSS tilkynna sambandsaðilum tillögur kjörnefndar **25** dögum fyrir þing. Tilkynna skal dagskrá þingsins ásamt tillögum, öðrum framboðum og lagabreytingum sem borist hafa stjórn ÍSS í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing.

Skautapingið er lögmett ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á skautapingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt.

- a) Stjórn ÍSS, varastjórn og endurskoðendur.
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ.
- d) Nefndarmenn fastanefnda ÍSS.**
- e) Stjórnir héraðssambanda
- f) Stjórn ÍSS getur auk þess boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- g) Heiðursfélagar ÍSS.

Ástæða:

*Liður 4. málsgrein. Framboðum bætt við í tilkynningalista og hangir með breytingatillögu að 10. grein.*

*Liður d) Viðbót og hangir með breytingatillögu I og II. Eykur viðveru og þátttöku fagfólks í skautapingi. Aðrir liðir hafa verið færðir niður*